

FUNDARGERÐ

142. stjórnarfundur KRAFT

142. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 16. júní 2022, kl. 18.00 á Zoom.

Fundarmenn : Gry, Hinrik, Lára, Aron Ingi, Þórunn, Laufey og Auðunn
Fjarverandi : Rúnar
Fundarritari : Hinrik

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. RIG 2023

Kjartan Ásmunsson kom á fundinn og kynnti áætlanir fyrir næsta ár, m.a. um sjónvarpsréttarmál, útsendingar, merkingar o.fl. sem til stendur að gera betur en undanfarin ár. Mikil samkeppni í sumum greinum, það þarf að ná stórum nöfnum inn til að fá sjónvarpið til að sýna áhuga. Spurningin er hvað getum við gert varðandi útfærslu hjá KRAFT til að lyfta þessu upp og gera áhorfendavænt. Spring Media meta hvort þetta er eitthvað sem selur eða ekki. Spurning hvornig reynsla Eurosport er eftir HM. Auðunn benti á reynslu af boðsmótum þar sem var gerð mikil sýning, stigakeppni, skemmtiatriði á milli greina o.s.frv. RÚV vill draga úr fjölda útsendinga en gera á mótum betur í því sem þeir gera.

3. HM O.FL.

Stjórnin lýsti ánægju sinni með árangur íslenska landsliðsins á HM. Farið var yfir þing IPF, engar lagabreytingar urðu og fá áttakamál til umræðu. Fram kom að ákveðin fyrirtæki, ER, Leoko og Rogue eru að hætta samstarfi við IPF varðandi samþykktan búnað. Einnig að til stendur að setja mögulega reglur um bekkpressu varðandi lágmarks hreyfingu stangar í lyftu. Ákveðið var að senda blóm á þá keppendur á HM sem unnu til verðlauna, bæði í S-Afríku og í bekkpressu sem var fyrir skömmu í Kazakstan. Ákveðið einnig að senda blóm og samúðarkveðjur til Hjalta Árnasonar vegna fráfalls sonar hans.

4. FJÁRMÁL

Farið yfir stöðu fjármála, hvað sé ógreitt o.fl. Ákveðið að greiða fyrir þrjá aðstoðarmenn fyrir World Games. Farið yfir greiðslur vegna HM þar sem reikningar misfórust. Ákveðið að bæta ferlið og hafa það sýnilegra hvað er búið að borga og hvað ekki, setja upp mótalista ársins o.s.frv. Einnig hefur það verið vandamál að sumir keppendur eru ekki að bóka flug og slíkt fyrr

en mjög skömmu fyrir mót. Þá var líka rætt um að setja þyrfti stívari ramma með hvað KRAFT borgar t.d. í hótélkostnaði, svo hægt sé að vera fyrr á ferðinni með bókanir. Aron og Lára ætla að útfæra nánar lausn í samræmi við umræðu á fundinum.

5. WORLD GAMES

Allt á að vera klárt fyrir það nema að ekki er búið að bóka flug en er í vinnslu. Gry ætlar að skoða með tilkynningu og kynningu, bæði til að senda á ÍSÍ og fjölmiðla.

6. ÍM Í RÉTTSTÖÐULYFTU

Undirbúningur gengur vel, búið að manna mótið að mestu og allt á áætlun.

7. HEIMASÍÐA KRAFT

Gry sagði frá því að hún væri komin í samband við aðila sem getur séð um að uppfæra heimasíðuna, Judy Fong. Gry sendir drög að tillögu í pósti fljótlega.

8. SAMSTARF VIÐ ÍF

Samningur var undirritaður nýlega við Íþróttasamband fatlaðra um samstarf, sem er mikið fagnaðarefni. Lára, Þórunn og Rúnar munu sjá um þessi mál fyrir hönd KRAFT og þeim var falið að boða til fundar með ÍF. Ræða þarf hvernig málum verður best háttað með félagsaðild, t.d. hvort það sé nóg að vera í ÍF til að keppa á mótum KRAFT. Rætt um ýmsar leiðir í samstarfinu, æfingar o.fl.

9. ÞJÁLFARAMENNTUN

Námskeiðinu er lokið. Talsverð eftirspurn er eftir frekara námskeiðahaldi. Þeir sem luku prófi geta tekið framhald, þjálfara 2 hjá ÍSÍ og fylgja keppanda í gegnum mót og þá lokið þannig stigi 2 samkvæmt nánari leiðbeiningum. Fjórir luku námskeiðinu en tveir ekki. Ákveðið að nýta áfram krafta Mariusar Arnesen fyrir næsta námskeið í haust, Gry kannar hvort hann er tilbúinn í það.

10. LYFJAEFTIRLIT

Rætt um lyfjaeftirlitsmál. Birgir hjá Lyfjaeftirlitinu ræddi við Auðunn um þessi mál og lyfjapróf þeirra sem væru á afreksstigi. Það eru t.d. ákveðin vandkvæði í vissum líkamsræktarstöðvum með aðstöðu til lyfjaprófa. Einnig var rætt um að það eru viss vandkvæði á því að fólk er hugsanlega skráð í félag en æfir svo á öðrum stöðum. Rætt um að funda frekar með Lyfjaeftirlitinu um lyfjamál. Þá var rætt um hvort rétt sé að hafa kvaðir í landsliðssamningi um lágmarks æfingar í aðstöðu hjá félagi.

11. LANDSLIÐSBÚNINGAR

Það er ánægja með núverandi peysur, Lára ætlar að kanna hvort það sé hægt að láta breyta hjá saumakonum peysum fyrir þá sem þurfa þær stærstu. SBD er með í skoðun að búa til landsliðssinglet, SBD á Íslandi (Júlían) er með þetta í vinnslu.

12. ÖNNUR MÁL

-

13. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

14. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 20.00